

Bæjarstjórn - 1964

FUNDARBOÐ

**1964. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 5.
nóvember 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1102236 - Bæjarfulltrúi,leyfi

Lögð fram beiðni Hildar Rósar Guðbjargardóttur um tímabundna lausn frá sveitarstjórn til og með 31. desember nk.

2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Breytingar á áheyrnarfulltrúum Viðreisnar í skipulags- og byggingarráði.

Pröstur Valmundsson Sörin víkur sem varaáheyrnarfulltrúi og í hans stað kemur Jón Ingi Hákonarson.

3. 2507285 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting á greinargerð vegna Flensborgarhafnar

1. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 30. október sl.

Lögð fram vinnslutillaga að breytingu á greinargerð aðalskipulags Hafnarfjarðar vegna Flensborgarhafnar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að vísa því til bæjarstjórnar að leita umsagna við vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.

4. 2507158 - Áshamar 34-40, breyting á deiliskipulagi

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 30. október sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 27. ágúst sl. að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Áshamar 34-40 í Hamranesi, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Breyting á deiliskipulagi felur í sér að íbúðum er fjölgað úr 84 íbúðum í 105 íbúðir. Bílastæðum er fjölgað en byggingarmagn eykst ekki. Tillagan var í auglýsingu 4. september til og með 19. október. Ábendingar sem bárust á auglýsingatíma lagðar fram.

Skipulags- og byggingarráð þakkar ábendingarnar og vísar tillögunni til

samþykktar í bæjarstjórn.

5. 2505063 - Reglur um stuðningsfjölskyldur

3.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 21.október sl.
Lögð fram umsögn samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks.
Reglur lagðar fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir reglur um stuðningsfjölskyldur og vísar þeim til bæjarstjórnar til frekari samþykktar.

6. 2505059 - Reglur um skammtímadvalir

4.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 21.október sl.
Lögð fram umsögn samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks.
Reglur lagðar fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir reglur um skammtímadvalir og vísar þeim til bæjarstjórnar til frekari staðfestingar.

7. 2510538 - Tunguhella 2, umsóknir um lóð

6. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Sár ehf. Rönd House ehf. Orrmúr slf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf.
Dalsás ehf. KB Verk ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn Rönd house ehf. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

8. 2510540 - Tunguhella 4, umsóknir um lóð

7. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Rönd House ehf. Orrmúr slf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf. Dalsás ehf. KB Verk ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn KB verk ehf. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

9. 2510541 - Tunguhella 6, umsóknir um lóð

8. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Rönd House ehf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf. Dalsás ehf. KB Verk ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn G. Leifsson ehf. Bæjarráð leggur

til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

10. 2510543 - Tunguhella 8, umsóknir um lóð

9. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Rönd House ehf. Orrmúr slf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf. Dalsás ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn Dalsás ehf. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

11. 2510544 - Jötnahella 1, umsóknir um lóð

10. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Orrmúr slf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf. Dalsás ehf. Drangahraun 14 ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn Drangahraun 14 ehf. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

12. 2510545 - Jötnahella 3, umsóknir um lóð

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lagðar fram umsóknir frá:

Orrmúr slf. NR5 ehf. Þórs smíði sf. G. Leifsson ehf. Dalsás ehf. Pétur Ólafsson byggverktak ehf. Flatahraun 23 hf.

Dregið úr umsóknum og dregin er út umsókn Flatahrauns 23 ehf. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að lóðinni verði úthlutað til félagsins.

13. 2411219 - Útboð skólamatar 2024-2025

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá og leggja fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á fót samráðshópur sem í eigi sæti fulltrúar foreldra tilnefndir af foreldraráðum leik- og grunnskóla, starfsfólk leik- og grunnskóla og fulltrúi frá ungmennaráði ásamt fulltrúum mennta- og lýðheilsusviðs sem halda utan um vinnu hópsins. Samráðshópurinn hittist reglulega yfir skólaárið og þegar við á með þjónustuaðila skólamats. Tilgangur hópsins er að stuðla að milliliðalausum samtali og upplýsingaflæði milli hagaðila. Einnig að koma með tillögum að því að gera skólamáltíðir að gæðastundum í skólastarfinu og skoði kosti og galla þess að elda mat í skólanum eða fá aðkeyptan mat. Samráðshópurinn skoði að gera könnun meðal foreldra og nemenda um máltíðir í skólum og úrbætur í þeim efnum. Áfangaskýrslu verði skilað í desember og lokaskýrslu í maí.

Greinargerð:

Að bjóða upp á mat fyrir nemendur og starfsfólk er mikilvægur þáttur skólastarfs og stuðlar að vellíðan nemenda. Vinna verður markvisst að því að matmálastímar séu góðar og uppbyggjandi stundir þar sem boðið er upp á næringarríkan og hollan mat. Nú er verið að skipta um þjónustuaðila með skólamat og það þarf að ganga vel fyrir sig. Virkt notendasamráð er mikilvægt í þessum efnum og getur stuðlað að bættri þjónustu við skólasamfélagið. Hlutverk samráðshópsins verður einnig að meta hvernig gera má betur og efla þessa þjónustu í skólunum með því að skoða kosti og galla þess að fá aðkeyptan mat eða elda í skólanum og kalla eftir tillögum frá starfsfólki, nemendum og foreldrum. Tillagan er í samræmi við það ferli sem verið hefur í aðdraganda útboðs skólamáltíða þar sem leitast hefur verið við að eiga samráð við foreldra, nemendur og starfsfólks og í raun verið að festa það enn frekar í sessi.

14. 2005180 - Samgöngusáttmáli

Umræður og tillaga lögð fram.

Fundargerðir

15. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Bæjarráð 30. október sl.
Skipulags- og byggingarráð 30. október sl.
Fræðsluráð 29. október sl.
Umhverfis- og framkvæmdaráð 29. október sl.
Hafnarstjórn 29. október sl.
Fjölskylduráð 28. október sl.
Fjölskylduráð 24. október sl.
Umhverfis- og framkvæmdaráð 24. október sl.
Fræðsluráð 23. október sl.
Fundargerð fjölskylduráðs frá 21. október sl.

<https://hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/>

Áætlanir og ársreikningar

16. 2502769 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2026 og 2027-2029

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2026 og langtímaáætlun 2027-2029. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Fjárhagsáætlun 2026 og langtímaáætlun 2026 - 2029 er vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

03.11.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri